

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.11.2015
Málalykill	4.51
Mál nr.	1511073

Til Bæjaráðs Garðabæjar

Frá Tónlistarskóla Garðabæjar og Samtökum íslenskra skólalúðrasveita

Garðabæ 3. nóvember 2015

Efni: Landsmót skólahljómsveita 2016

Samtök íslenskra skólalúðrasveita hafa frá árinu 1969 staðið fyrir landsmótum og stuðlað að útgáfu á íslenskum útsetningum fyrir skólalúðrasveitir. Hátt í 40 sveitir tengdar tónlistarskólum, grunnskólum og öðrum skólum taka þátt í þessum verkefnum.

Landsmót eru haldin í mismunandi sveitarfélögum, að jafnaði annað hvert ár og í þetta sinn stendur til að halda mótið í Garðabæ helgina 29. apríl – 1. maí 2016. Búist er við 5-700 nemendum á mótið að þessu sinni.

Tónlistarskóli Garðabæjar er móttökuaðili og annast skipulag og umsjón með mótinu í samvinnu við stjórn Samtaka íslenskra skólahljómsveita.

Til að hægt sé að taka á móti svo mörgum nemendum þá þarf að nota grunnskóla bæjarins til að gista í, báða salina í Ásgarði og íþróttasal Sjálandsskóla til að halda hljómsveitaræfingar ásamt því að nota aðstöðu tónlistarskólans.

Það er hefð fyrir því að það sveitarfélag þar sem mótið er haldið hverju sinni bjóði mótsgestum í sund.

Við viljum góðfúslega fara þess á leit við bæjaryfirvöld í Garðabæ að koma til móts við Samtök íslenskra skólalúðrasveita með því að fella niður leigu á Ásgarði og fyrir íþróttasal Sjálandsskóla ásamt því að hafa ókeypis í sund fyrir mótsgesti.

Virðingarfyllst


Laufey Ólafsdóttir

Skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar


Össur Geirsson

Formaður Samtaka íslenskra skólahljómsveita